

# FRÉTTABRÉF FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

SEPTEMBER 2010

## Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

|  |          |
|--|----------|
| <b>UNDIRBÚNINGUR FÜRIR PRÓF</b>                            | <b>1</b> |
| <b>ENRON NÁMSKEIÐ EHI, Í SAMSTARFI VIÐ BORGARLEIKHÚSIÐ</b> | <b>1</b> |
| <b>MENNING OG SIÐFERÐI FYRIRTÆKJA</b>                      | <b>2</b> |
| <b>INNRI ENDURSKOÐUN FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA</b>                | <b>4</b> |
| <b>INNRI ENDURSKOÐUNAR- DAGUR 2010</b>                     | <b>5</b> |
| <b>NÁMSKEIÐ HR Í SAMSTARFI VIÐ FIE</b>                     | <b>5</b> |
| <b>KYNNING Á FÉLAGSMANNI</b>                               | <b>6</b> |
| <b>SKOÐANA-KÖNNUN</b>                                      | <b>7</b> |
| <b>FAGPEKKING TIL FRAMFARA</b>                             | <b>7</b> |
| <b>PISTILL STJÓRNAR</b>                                    | <b>8</b> |

## UNDIRBÚNINGUR FÜRIR ALÞJÓÐLEG PRÓF

Fyrsti fræðslufundur vetrarinn verður tengdur prófum vegna alþjóðlegrar faggildingar í innri endurskoðun (CIA – Certified Internal Auditor).

Á fundinum mun Guðjón V. Valdimarsson kynna fyrir félagsmönnum það sem nauðsynlegt er að hafa í huga við undirbúning fyrir prófin og próftöku. Hann mun meðal

annars segja frá framkvæmd prófanna, hvaða áherslur ætti að leggja í undirbúninginn og hvaða námsgögn hafa reynst vel.

Guðjón Viðar öðlaðist faggildingu árið 2008 og var fyrsti félagmaður FIE til að öðlast faggildingu eftir að rafræn próftaka var tekin upp.

Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel, Gullteig, miðvikudaginn 8. september og hefst kl. 8:30.

Í byrjun september verður könnun lögð fyrir félagsmenn þar sem leitast verður við að afla upplýsinga um áhuga og þörf félagsmanna í tengslum við fræðslumál.

## ENRON - NÁMSKEIÐ ENDURMENNTUNARDEILDAR HÍ

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, EHI, í samstarfi við Borgarleikhúsið, býður upp á spennandi námskeið í tengslum við leikverkið Enron eftir Lucy Prebble en hún var valin ein af 25 helstu útskýrendum fjármálahrunsins í heiminum af tímaritinu Fortune.

Verkið, sem sagt er útskýra fjármálaheiminn á aðgengilegan og einfaldan hátt, sló í gegn í London síðasta vetur.

Námskeiðið hefst á tveimur fyrirlestrakvöldum og lýkur svo með forsyningu leikverksins og umræðum.

Námskeiðið hefst þann 14. september með fyrirlestri Páls Ásgeirs Davíðssonar, lögmanns þar sem kynntar verða helstu kenningar um tilgang fyrirtækja og fjallað um áhrif fyrirtækja í

samfélaginu til góðs og ills. Skoðað verður hvernig hnattvæðing, ásamt aukinni vitund um áhrif fyrirtækja, hefur gerbreytt nútíma viðskiptaumhverfi m.a. með auknum kröfum um að fyrirtæki sýni ábyrgð gagnvart því umhverfi og þeim samfélögum þar sem þau starfa.

Í þessu samhengi verður hugtakið samfélagsábyrgð fyrirtækja kynnt og áhrif hennar á velferð fyrirtækja og samfélaga rædd. Þá verður farið yfir bakgrunn Enron málsins og hvernig leikritið tekur á því.

Þann 16. september munu aðstandendur sýningarinnar kynna verkið og bakgrunn þess. Fjallað verður um ætlunarverk hópsins, helstu áherslur í sviðsetningunni og bakgrunnsrannsóknir.

Lokakvöld námskeiðsins fer fram **þriðjudaginn 21. sept.** með forsyningu leikverksins Enron. Að sýningu lokinni gefst þátttakendum námskeiðsins tækifæri til að ræða leikgerðina við listræna stjórnendur leiksýningarinnar og leikara. Umræðunum stjórnar Páll Ásgeir Davíðsson.

Páll Ásgeir Davíðsson hefur yfir 10 ára alþjóðlega starfsreynslu af málefnum sem varða tengslin á milli mannréttinda, viðskipta og öryggis.

**Skráningarfrestur er til 6. september 2010**

— sjá nánar á [www.ehi.is](http://www.ehi.is)



Námskeið EHI í  
samstarfi við  
Borgarleikhúsið

## MENNING OG SIÐFERÐI FYRIRTÆKJA SEM LIÐUR Í INNRI ENDURSKOÐUN

*Eftirfarandi grein er eftir Guðjón Viðar Valdimarsson, M.Sc, CIA, CISA*

### INNGANGUR

Siðferði og almenn vitund um hvað telst vera ásættanleg hegðun er afar sveiflukennt. Það sem einn daginn telst vera dæmi um gott siðferði er kannski nokkrum árum síðar orðið nánast landráð. Einnig er það erfitt í ljósi þess að siðferðisviðmiðun er mjög mismunandi milli landa og menningarheima.

Raunhæft áhættumat er fyrsta skref í skipulagningu endurskoðunaráætlunar vegna innri endurskoðunar. Það áhættumat tekur mið af fjárhagslegri áhættu og mikilvægum þáttum í starfsemi fyrirtækja. Í slíkri greiningu er með öðrum orðum lagt hlutlægt mat á eðlislæga áhættu sem og virkni og tilvist eftirlitþátta. Hún leiðir í ljós þá áhættuþætti sem ekki er mætt með virku eftirlitskerfi. Það er einmitt markmið innri endurskoðunar að draga úr þeirri áhættu sem mest virði er í fyrir viðkomandi fyrirtæki. Það þarf hins vegar ávallt að meta hvort allir áhættuþættir, öll sú eðlislæga áhætta sem fyrir liggur, sé tekin fyrir. Það á einkum við ef ekki er hægt að tengja eðlislæga áhættu einstökum þáttum í starfsemi fyrirtækisins.

Spurningin er í raun sú hvort til séu þeir þættir sem hækka ekki bara mat á áhættu einstakra þátta heldur starfsemi fyrirtækisins almennt. Er til eitthvað sem telst almenn áhætta þar sem aðgerðaleyfi stjórnenda gagnvart þeirri áhættu getur kallað yfir fyrirtækið hörð

viðbrögð frá umhverfi þess og einnig stefnt sjálfri tilvist fyrirtækisins í tvísýnu? Er hægt að leggja hlutlægt mat á þætti sem í eðli sínu eru óhlutlægir, þætti eins og menningu fyrirtækis og hlífti við almennt siðferði þjóðfélagsins, Hugtakið félagsleg ábyrgð fyrirtækja (e. Corporate Social Responsibility) tekur til hlífti við hlutlægari atriði til dæmis fylgni við lög og reglur, umhverfismál og framlag fyrirtækja til samfélagsins að ýmsu leyti. Það er sömuleiðis spurning hvort það sé yfirleitt í verkhring innri endurskoðenda að leggja mat á þessa þætti og að nota þá til hliðsjónar í gerð áhættumats.

Því er ekki að neita að siðferði stjórnenda hefur oft verið nefnt í sambandi við bankahrunið og nýútkomin rannsóknarskýrsla Alþingis varpar skiru ljósi á þann siðferðisskort er virtist hafa ríkt innan bankanna. Einnig var þessi umræða mjög á lofti í tengslum við mál eins og Enron og Worldcom. Mörg þeirra fyrirtækja, hvers gjaldþrot voru mjög íþyngjandi fyrir hluthafa og starfsmenn sem og þjóðfélagið allt, hafa að því er virðist nokkur sameiginleg einkenni.

Hér á eftir fara hugleiðingar undirritaðs um hvort og þá hvernig taka skal á þáttum sem varða siðferði og fyrirtækjamenningu við gerð áhættumats og árlegrar endurskoðunaráætlunar.

### ÁRANGUR ÁN ÁBYRGÐAR

Þegar menning viðkomandi fyrirtækis gengur út á árangur og árangursmat og árangursmatið hefur afger-

andi áhrif á framtíð og starfsferi starfsmanna. Þessi þáttur samtvinnuður við vísitandi tregðu yfirstjórnar til að vilja vita nákvæmlega hvernig viðkomandi náði markmiðum sínum væru viss einkenni þessara fyrirtækjamenningar. Hjá Enron fyrirtækinu hafði sú menning skapast að allir starfsmenn yrðu að ná árlegum markmiðum sínum. Það í sjálfu sér er nú ekki óhófleg krafa en það sem var sérstakt var að það var nánast hægt að ábyrgast að náði starfsmaður ekki markmiðum sínum þá var hann annað hvort rekinn strax eða settur til hliðar. Þegar starfsmenn standa frammi fyrir slíku þá munu þeir leita allra leiða til að búa svo um hlutina að þessi markmið náist því þeirra starfsframi og öryggi fjölskyldu þeirra er í húfi. Stjórnendur Enron vildu helst ekki vita annað en hvort viðkomandi hafði náð markmiðum sínum eða ekki. Það var óskrifuð regla að meðölin helguðu tilganginn en einnig að stjórnendur vildu hafa það sem á ensku heitir “Plausible deniability” þ.e.a.s. að getað vísað ábyrgð frá sér með þeim rökum að þeir hafi ekkert vitað og treyst undirmönnum sínum.

Við lestur rannsóknarskýrslunnar kemur það ítrekað fram hjá stjórnmalámönnum að þeir telja forsvarsmenn bankanna hafa logið að sér og þess vegna hafi þeir ekki viljað grípa til þeirra aðgerða sem eftir á að hyggja, hefðu talist eðlilegar. Spurningin er sú hvort það sé viðunandi skýring að maður hafi ekki vitað betur. Getur þá skipstjóri strandaðs skips vísað frá sér ábyrgð vegna þess að undirmenn viðkomandi hafi logið eins og þeir voru langir til?

Það var óskrifuð regla að meðölin helguðu tilganginn en einnig að stjórnendur vildu hafa það sem á ensku heitir “Plausible deniability”

## BÓNUSGREIÐSLUR OG KAUPRÉTTAR- SAMNINGAR

Bónussgreiðslur og kaupréttarsamningar þar sem um er að ræða margfeldi af mánaðarlegum launum hafa sætt sérlega mikilli gagnrýni bæði hérlendis og erlendis. Í sjálfu sér eru bónusserfi og kaupréttarsamningar ekki nauðsynlega merki um skort á siðferði en þegar slíkar greiðslur nema margföldum árslaunum almennings þá getur farið svo að orðstír fyrirtækis skaðist og að það tjón verði ekki vegið upp jafnvel þó stjórnendur hafi kjara sinna vegna lagt harðar að sér og náð betri árangri. Undir þennan lið fellur einnig veiting kúlulána til kaupa á verulegum eignahlut í viðkomandi fyrirtæki án eiginfjárframlags viðkomandi starfsmanna og hvað þá heldur til stjórnmalamanna og aðila sem eru í aðstöðu til að ívilna viðkomandi fyrirtæki.

Kúlulán eða lán til hlutabréfakaupa í viðkomandi banka eru að mati undirritaðs meðvitað aðgerð til að halda hlutabréfaverði uppi og slíkt er í sjálfu sér refsivert.

Fyrir innri endurskoðanda er vert að íhuga og meta hvort bónussgreiðslur og kaupréttarsamningar séu umfram einhver eðlileg mörk. Þá skyldi ekki miða við hvað gengur og gerist í “bransanum” heldur út frá því sem eðlilegt getur talist í tengslum við almennt launumhverfi. Það er sannarlega ekki eitthvað sem hægt er auðveldlega að leggja mat á en kannski gæti viðmiðun eins og tvöföld til þreföld árslaun viðkomandi verið einhvers konar þrep sem þyddi að þetta væri atriði sem hækkaði orðstírs-áhættu viðkomandi fyrirtækis.

## AFGREIÐSLUR LÁNA UTAN LÁNANEFNDAR

Sérstaklega varðandi fjármálageirann virðist sem afgreiðslur stórra lána utan fyrirfram samþykkis lánanefndar sé einkenni áhættusækni í rekstri viðkomandi fyrirtækja. Hlutverk lánanefnda er að leggja óháð mat á röksemdafærslu, áhættu og arðsemisforsendum stjórnenda fyrir lánveitingum. Meginhugmyndin er sú að þeir sem standa að afgreiðslu lána geri óháðri lánanefnd grein fyrir hvers vegna ætti að lána viðkomandi fyrirtæki út frá ofangreindum forsendum.

Í undantekningar tilvikum gæti verið nauðsynlegt að afgreiða lán utan fyrirfram samþykkis lánanefndar þegar fyrir liggur brýn og augljós nauðsyn slíkrar afgreiðslu. Hins vegar ætti slíkt að heyra til undantekninga meðan í mörgum slíkra nú gjaldþrota fjármála- stofnana, hefur þetta verið regla fremur en undantekning. Það væri íhugunar- efni að tilgreina það sem hluta af starfssviði eftirlits- stofnanna að yfirfara afgreiðslur lánanefndar og jafnvel ganga út skugga um að lán umfram ákveðnar upphæðir séu ekki afgreidd nema fyrir liggja ákveðnar efnahagslegar forsendur og tryggingar.

## STERKIR STJÓRNENDUR

Annað einkenni er tilvera sterks stjórnanda. Það er þegar forstjóri eða framkvæmdastjóri fyrirtækis er einráður og reiðir sig nánast ekkert á stjórn eða meðstjórnendur sínar. Viðkomandi hefur oft mjög mikið með að segja hverjir sitja í stjórn fyrirtækisins og næstu undirmenn eru aðilar sem undir engum kringumstæð-

um mundu mæla gegn vilja eða fyrirskipum viðkomandi yfirstjórnanda. Eins og oft áður þá eru sterkir stjórnendur ekki áhætta í sjálfu sér heldur er lítið til þess að eðlilegt stjórnendateymi sé visst mótvægi við vanhugsaðar ákvarðanir en einnig mætti nefna hið fornkvæða að vald spillir og algjört vald gjörspillir.

## SAMÁBYRGÐ

### SIÐFERÐISVIÐMIÐA

Þegar stjórnendur setja upp bónus og kaupréttarkerfi án aðkomu stjórnar eða utan eðlilegra viðmiða eða hámarks á upphæð slíkra greiðslna. Er þær fara úr hófi fram er gjarnan leitað leiða til að dreifa ábyrgðinni. Séu allir stjórnendur með slíkar greiðslu er hægt að benda á að “það eru allir með þetta fyrirkomulag” eða þá “þetta eru almenn starfskjör í þessum bransa og við verðum að vera samkeppnishæfir um gott starfsfólk”. Þessi ferill virðist einnig vera margslungin. Æðstu stjórnendur eru oft í góðu sambandi við stjórnarmenn fyrirtækis og þannig gæti hafist sú hugsun hjá þeim að þeir geti nú fengið ýmislegt í gegn. Segjum svo að forstjóri fyrirtækis vilji gjarna fá 200 milljóna króna kaupréttarsamning. Viðkomandi veit að það væri líklega ekki svo erfitt koma því í gegnum stjórn fyrirtækisins því hann þekkir jú alla þar en hins vegar er einhver innri rödd er segir honum að það geti hreinlega ekki verið rétt að einn maður fái svona há laun. Samt sem áður langar viðkomandi óskaplega mikið í 200 milljónir svo hvað er þá að gera? Jú, séu siðferðisviðmið þjóðfélagsins fremur óheppileg þá bara býr maður til lítið þjóðfélag og setur því önnur siðferðisviðmið.



Greinarhöfundur  
Guðjón Viðar Valdimarsson  
CIA, CISA

“gæti viðmiðun  
eins og tvöföld til  
þreföld árslaun  
viðkomandi verið  
einhvers konar  
þrep sem þyddi  
að þetta væri  
atriði sem  
hækkaði orðstírs-  
áhættu”

Pannig verður til það kerfi að ekki bara viðkomandi forstjóri er með kaupréttarsamning heldur líka allir aðrir yfirmenn. Þegar svo aðrir forstjórar í sama bransa sjá þetta grípa þeir fegins hendi tækifærið og setja sjálfum sér einnig svona reglur með vísan í að þetta sé bara svona í bransanum eða til að geta haldið í gott starfsfólk.

#### NIÐURLAG

Það er ávallt íhugunarefni hvers meginhlutverk það er að leggja mat á siðferði fyrirtækja. Þegar aðgerðir stjórnenda eru beinlínis ólöglegar þá fara þær auðvitað á skjön við ríkjandi siðferði í formi gildandi laga og þá er sömuleiðis fremur einfalt að kveða á um meinta siðferðisbresti. Það vandast hins vegar málið

þegar hegðun eða stefna fyrirtækis fer á sveig við ríkjandi siðferði án þess að það sé beinlínis ólöglegt. Dæmi um slíkt væru verulegir tilburðir til undanskota frá skatti með því að setja upp skattaskjól í þeim löndum er þau er að finna. Þegar svo er þá virðist sem aðilar innan fyrirtækisins þurfi að koma til, aðilar sem hafa yfirgrípsmikla þekkingu á innviðum fyrirtækisins og hafa aðgang að öllum upplýsingum. Oftar en ekki eru þeir aðilar starfsmenn innri endurskoðunar eða þá ytri endurskoðendur fyrirtækisins. Hins vegar er þess að gæta að ytri endurskoðendur hafa ekki beinlínis skyldu til að upplýsa um meinta siðferðisbresti í rekstri fyrirtækisins svo lengi sem slíkt sé ekki refsivert athæfi eða á skjön við almennar reglur um bókhald og ársreikninga. Innri endur-

skoðendur ættu að vinna í umboði stjórnar og vera óháðir stjórnendum fyrirtækisins og sem slíkir að geta skoðað allt það sem þeim er falið af stjórn fyrirtækisins. Væri það vilji stjórnar að innri endurskoðun legði mat á tilvist ofangreindra 5 þátta og að hversu miklu leiti þeir þættir væru til þess fallnir að hækka áhættumat fyrirtækisins, þá mundi innri endurskoðun vera langheppilegasti aðilinn til að vinna slíka úttekt.

Höfundur er faggiltur innri endurskoðandi (CIA) og tölvuendurskoðandi (CISA) og starfar hjá Seðlabanka Íslands.

Þær skoðanir sem koma fram í þessari grein eru höfundar og þurfa ekki endilega að endurspeglar afstöðu Seðlabanka Íslands.

Séu siðferðisviðmið þjóðfélagsins fremur óheppileg þá bara býr maður til lítið þjóðfélag og setur því önnur siðferðisviðmið.

## INNRI ENDURSKOÐUN FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Í sumar voru samþykktar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem meðal annars snúa að innri endurskoðunardeildum fyrirtækja, sem fjallað er um í 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (sjá 8. gr. laga nr. 75, sem samþykkt voru í júní 2010).

Þar er meðal annars fjallað um hæfisskilyrði forstöðumanns endurskoðunardeildarinnar en þar segir m.a.: „Hann skal hafa sérþekkingu á sviði innri endurskoðunar, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt

starfi sínu. Hann má ekki hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldprotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns innri endurskoðunardeildar til

sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til.“

Einnig er fjallað sérstaklega um samskipti innri endurskoðunardeilda og Fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 16. gr. laganna: „Eigi sjaldnar en árlega skal innri endurskoðun gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna. Auk þess skal innri endurskoðun tilkynna Fjármálaeftirlitinu sérstaklega og án tafar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn.“

Í 1. mgr. 16. gr. kemur fram að heimilt er að kveða nánar á um starfsemi innri endurskoðunardeildar í

Innri endurskoðun skal gera FME grein fyrir niðurstöðum kannana sinna a.m.k. árlega.

## INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN 2010

Innri endurskoðunardagur FIE var haldinn í annað sinn þann 7. maí síðast liðinn. Þar fjallaði Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, um umgjörð menntunar. Ketill B. Magnússon, kennari við HR í viðskiptasiðfræði, fjallaði um siðferðileg álitamál. Gunnar P. Andersen, forstjóri FME, fjallaði um ný lög um fjármálafyrirtæki og nýjar heimildir og áherslur hjá FME. Ragnar Ónundarson, varaformaður stjórnar og formaður endurskoð-unarnefndar Lífeyrissjóðs verslunarmanna fjallaði um hlutverk stjórnar og stjórnarhætti fyrirtækja. Nanna Briem, geðlæknir, fjallaði um siðblindu og Kristinn Arnar Stefánsson, regluvörður Íslandsbanka, fjallaði um innri starfshætti og eftirlit í fjármálafyrirtækjum með hliðsjón af störfum regluvörslu.

### SIÐBLINDA

Í erindi Nönnu Briem fjallaði hún meðal annars um einkenni siðblindu. Rannsóknir erlendis hafa sýnt fram á að tíðni siðblindu er um 0,5-1% og því má gera ráð fyrir að um 1.500 – 3.000 Íslendingar séu siðblindir. Stór hluti siðblindra hefur hlotið

fangelsisdóma vegna ofbeldis en margir siðblindir eru ekki ofbeldisfullir afbrotamenn heldur starfa víðs vegar í þjóðfélaginu. Í breyttu þjóðfélagi, þar sem krafa hefur verið gerð um meiri hraða og nýsköpun á kostnað regluverks, eftirlits og stöðugleika hafa nokkur af einkennum siðblindu jafnvel verið talin eftirsóknarverð eða tekin í misgripum fyrir leiðtogaþæfileika.

Í glærusafni Nönnu, sem er aðgengilegt á heimasíðu FIE, má m.a. finna upptalningu á einkennum siðblindu. Gott er að hafa huga að siðblindur einstaklingur er alltaf siðblindur, ekki bara stund-um.

### REGLUVARSLA Í FJÁRMÁLAFYRIR-TÆKJUM

Erindi Kristins Arnars Stefánssonar bar yfirskriftina „Innri starfshætti og eftirlit í fjármálafyrirtækjum með hliðsjón af störfum regluvörslu“. Í erindi sínu vísaði hann meðal annars til frægra ummæla í Rannsóknarskýrslu Alþingis sem lýsti starfi regluvarða þannig að „það sé eins og árabátur sé að róa á móti olíuskípi, einn á móti 1.500 manns í bankanum þar sem engin virðing sé fyrir

viðleitni hans til að gæta að góðum viðskiptaháttum“. Í glærusafni Kristins Arnars, sem hægt er að nálagst á heimasíðu FIE, má m.a. finna góða samantekt á hlutverki og verkefnum regluvörslu í fjármálafyrirtækjum, í nútíð og framtíð.

### FME OG NÝTT FRUMVARP TIL LAGA UM FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI.

Í erindi sínu fjallaði Gunnar P. Andersen forstjóri Fjármálaeftirlitsins meðal annars um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, nýtt skipurit FME og skipulag. Í upphafi erindis síns vísaði hans til texta í Brekkukotsannál Halldórs Laxnes: „Því hefur verið haldið fram að Íslendingar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur, og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vandræði sín með því að stunda orðhengilshátt og deila um titlingaskít sem ekki kemur málinu við: en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls.“

Glærusöfn allra

Siðblindur einstaklingur er alltaf siðblindur, ekki bara stundum.

Glærusöfn allra fyrirlesaranna eru aðgengileg á heimasíðu FIE [www.fie.is](http://www.fie.is)

## NÁMSKEIÐ HR Í SAMSTARFI VIÐ FIE

FagMennt Háskólans í Reykjavík mun halda tvö námskeið á haustönn í samstarfi við FIE. Annars vegar námskeiðið „Innri endurskoðun á tímamótum“ sem kennt verður 30. október og 1. nóvember og hins vegar „Innra eftirlit - lykilþáttur í

árangri fyrirtækja“ sem kennt verður 18. og 19. nóvember 2010.

Leiðbeinendur eru Anna Margrét Jóhannesdóttir, stjórnarsýslufræðingur og fag g i l t u r i n n r i endurskoðandi (CIA) og Nanna Huld Aradóttir,

Sambærileg námskeið voru haldin síðast liðið haust og voru þau vel sótt og fengu g ó ð a d ó m a h j á þátttakendum.

Nánari upplýsingar má finna á [www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is)

Innri endurskoðun á tímamótum 30. okt og 1. nóv.

Innra eftirlit—lykilþáttur í árangri fyrirtækja 18. og 19. nóv.

## KYNNING Á FÉLAGSMANNI: NANNA HULD ARADÓTTIR, LÍÐSTJÓRI ÁHÆTTUÞJÓNUSTU DELOITTE OG FORMAÐUR FIE

Samkvæmt 2. gr. samþykktá FIE er markmið félagsins meðal annars að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við innri endurskoðun.

Fræðslunefnd FIE þótti því tilvalið að nýta fréttablaðið til kynningar á félagsmönnum og verður nýr formaður FIE, Nanna Huld Aradóttir, fyrst kynnt.

Nanna Huld starfar sem líðsstjóri í Áhættuþjónustu Deloitte hf. Fyrirtækið hefur hvað lengsta reynslu sérfræðifyrirtækja hér á landi í sérhæfðri innri endurskoðun og hefur rekið þá þjónustu í sérstakri deild, Áhættuþjónustu ("Enterprise Risk Services" eða ERS), og byggt upp þekkingu á þessu sviði allt frá árinu 2001. Áhættuþjónusta Deloitte annast innri endurskoðun fyrirtækja og stofnana ásamt endurskoðun og ráðgjöf í tengslum við öryggisþætti upplýsingakerfa. Við deildina starfa endurskoðendur, innri endurskoðendur (CIA) og viðskiptafræðingar ásamt tölvumenntuðum sérfræðingum (CISA).

Nanna Huld segir að meginmarkmið með þeirri þjónustu sem þau veita á sviði innri endurskoðunar sé að veita óháða, hlutlæga og ráðgefandi þjónustu á sviði innri endurskoðunar sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta starfsemi fyrirtækis eða stofnunar. Með markvissum og faglegum vinnubrögðum

er innri endurskoðun ætlað að leggja mat á og bæta virkni áhættustjórnunar, innra eftirlits og stjórnunaraðferða og styðja þannig viðkomandi fyrirtæki eða stofnun í að ná markmiðum sínum.

Þegar Nanna Huld er spurð út í menntun og starfsreynslu kemur fram að hún varð faggiltur innri endurskoðandi árið 2004, fyrst Íslendinga. Þessi menntun hefur nýst henni afar vel í starfi sem innri endurskoðandi en hún starfaði áður sem innri endurskoðandi hjá Straumi-Burðarás Fjárfestingabanka og þar á undan sem innri endurskoðandi Kreditkorts hf. Menntunin nýtist ekki síður hjá Áhættuþjónustu Deloitte. „Við veitum fjölmörgum fyrirtækjum innri endurskoðunarþjónustu, sem kjósa að útvísta alfarið þessari starfsemi sinni til ytri aðila. Einnig veitum við minni innri endurskoðunardeildum aðstoð t.d. á þeim sviðum sem þeim kann að skorta sérfræðisþekkingu vegna smæðar deildarinnar. Við höfum einnig sérhæft okkur í aðstoð í tengslum við endurskoðunarnefndir fjármálafyrirtækja s.s. við gerð starfsreglna og ráðgjöf um helstu verkefni endurskoðunarnefnda fyrsta starfsár þeirra. Ég vil hvetja þá sem eru að íhuga að fara í faggildingu sem innri endurskoðendur að láta verða af því og drífa sig í prófin.“

Nanna Huld er yngst átta systkina, hún á sex bræður og eina systur. "Fimm af okkur systkinunum eru viðskiptafræðingar og þar af starfa þrír við endurskoðun. Auk mín er Sveinn Arason ríkisendurskoðandi og Halldór Arason eigandi og endurskoðandi hjá Deloitte. Umræðan í fjölskylduböðum takmarkast þó ekki við málefni tengd viðskiptum eða endurskoðun."

Eiginmaður hennar er Pétur Ingólfsson verkfræðingur hjá Landsvirkjun Power og eiga þau saman tvö börn, Þorbjörgu og Atla Pál. Pétur á auk þess tvö börn af fyrra hjónabandi, þau Brynhildi og Ingólf. Barnabörnin eru orðin fjögur.

Áhugamálín eru einkum tengd fjölskyldunni. Þorbjörg og Atli Páll stunda bæði fótbolta af krafti hjá Þrótti og fer nokkur tími í að fylgjast með þeim. „Við fjölskyldan ferðumst talsvert saman. Fórum t.d. í vikuféruð til New York í sumarbyrjun en það var mjög gaman að upplifa þá spennandi borg ásamt börnunum. Áhugaverðasta ferðalagið var þó til Kenía árið 2007 en þangað fórum við ásamt bróður mínum, mágkonu, bróðursyni og fleira góðu fólki í ógleymanlega ferð. Nú, eftir að börnin hafa stækkað, höfum við hjónin farið að huga að golfi og reynum við nú að æfa sveifluna þótt árangur sé ekki mikill enn sem komið er.“



**Fæðingarstaður:**  
Patreksfjörður, 21. júní 1962

**Foreldrar:**  
Ari Kristinsson og  
Þorbjörg  
Þórhallsdóttir

**Maki:**  
Pétur Ingólfsson

**Börn:**  
Þorbjörg 16 ára og  
Atli Páll 13 ára

**Menntun:**  
Cand. Oecon frá HÍ  
árið 1987 og CIA árið  
2004

## SKOÐANAKÖNNUN VARÐANDI FRÆÐSLUEFNI

Fræðslunefnd Félags um innri endurskoðun vinnur nú að skipulagningu fræðslumála félagsins í vetur.

Ætlunin er að halda u.þ.b. tvo fræðslufundi á þessu ári og síðan þrjá fundi frá áramótum og fram á vor. Í tengslum við þá vinnu hefur nefndin ákveðið að gera könnun meðal félagsmanna á því hvaða umfjöllunarefni kæmu félagsmönnum að mestu gagni.

Það tekur aðeins örfáar mínútur að svara könnuninni og því hvetjum við alla félagsmenn til að leggja sitt af mörkum með þátttöku.

Pegar spurt er um áherslur varðandi fræðsluefni eru

eftirtaldir valmöguleikar gefnir:

\* Áhættustjórnun og áhættumat

\* Tölvuendurskoðun

\* Innra eftirlit almennt

\* Basel II m.t.t innri endurskoðunar, regluvörslu og áhættustýringar

\* Uppbygging innri úttekta og gæðastjórnun (Quality Assessment)

\* Árangursmælingar (t.d. Balance Scorecard)

\* Notkun tölfraðilegra úrtaksaðgerða við endurskoðun (Audit Sampling)

\* Skýrsluskrif og samskiptatækni við stjórnir fyrirtækja, framkvæmdastjórn og endurskoðunarnefndir

\* Gagnagreiningarforrit – Excel, ACL, IDEA o.s.frv.

\* Stjórnarhættir fyrirtækja (Corporate Governance)

\* Sviksemisrannsóknir (Fraud Investigations)

\* Mat á áhættuþáttum í reikningsskilum og aðferðir til að mæta þeirri áhættu

og síðast en ekki síst valmöguleikinn

### \* Annað

Við hvetjum félagsmenn til að nýta síðasta valmöguleikann vel til að koma á framfæri á bændingum til fræðslunefndar varðandi áherslur í fræðslumálum félagsins.

Með þátttöku í skoðanakönnun fræðslunefndar geta félagsmenn haft áhrif á áherslur í fræðslumálum félagsins.

## FAGÞEKING TIL FRAMFARA

Í pistli stjórnar á bls. 8 kemur fram að stjórnin hefur þegar hafið endurskoðun á aðgerðaáætlun þeirrar stefnumörkunar sem sett var fram á síðari hluta árs 2008, undir yfirskriftinni "Fagþekking til framfara".

Í aðgerðaráætluninni fólst:

### Framtíðarsýn:

Að vera leiðandi fagfélag á Íslandi á sviði innri endurskoðunar.

### Stefna:

Að stuðla að framþróun innri endurskoðunar sem faggreinar á Íslandi og vera í

fararbroddi varðandi þekkingarmiðlun á sviði innri endurskoðunar.

### Stefnumið:

Að byggja upp öflugt kynningarstarf.

Að tryggja að þeir sem starfa við innri endurskoðun beiti faglegum og viðurkenndum vinnubrögðum.

Að standa fyrir þjálfun og fræðslu á sviði innri endurskoðunar.

Að veita félagsmönnum framúrskarandi þjónustu.

Að vera með öflugla starfsemi innan félagsins.

### Meðal söluhæstu bóka IIA eru:

#### **Audit Committee Effectiveness:**

What Works Best

Í henni má finna góðar leiðbeiningar varðandi störf endurskoðunarnefnda.

#### **Audit Committee Reporting:**

A Guide for Internal Auditing

Ný bók sem leiðbeinir innri endurskoðendum við skýrslugjöf til endurskoðunarnefnda.

Sjá nánar á [www.theiia.org/bookstore](http://www.theiia.org/bookstore)

Heimasíða félagsins er:

[www.fie.is](http://www.fie.is)



**Ábyrgðarmaður:**

Albert Ólafsson

Netfang: [fie@fie.is](mailto:fie@fie.is)

**Fræðslunefnd FIE**

Hrefna Gunnarsdóttir, formaður

Guðjón V. Viðarsson,

Ingunn Þórðardóttir,

Þórir Haraldsson

**FRAMPRÓUN MEÐ SAMSTARFI  
(PROGRESS THROUGH SHARING)**

**PISTILL STJÓRNAR**

Ágætu félagar.

Ný stjórn var skipuð á aðalfundi Félags um innri endurskoðun 27. maí 2010. Í stjórn voru kosin Nanna Huld Aradóttir formaður, Anna Margrét Jóhannsdóttir varaformaður, Sif Einarisdóttir gjaldkeri, Páll Ólafsson ritari og Albert Ólafsson meðstjórnandi.

Á aðalfundinum voru enn fremur samþykktar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Tillögurnar miðuðu að því að efla starfsemi félagsins með því að festa í sessi tvær fastanefndir hjá félaginu, Fræðslunefnd og Alþjóðanefnd, og voru formenn þessara nefnda kosin þau Hrefna Gunnarsdóttir formaður Fræðslunefndar og Ágúst Hrafnkelsson formaður Alþjóðanefndar. Formenn hafa nú fullskipað nefndirnar og er vinna þeirra hafin af fullum krafti. Ljóst

er að með þessari breytingu hefur aðkomu félagsmanna að störfum félagsins verið betur tryggð.

Stjórnin hefur þegar hafið endurskoðun á aðgerðaáætlun þeirrar stefnumörkunar sem sett var fram á síðari hluta árs 2008 undir yfirskriftinni „Fagþekking til framfara“. Nokkur málefni eru ofarlega á baugi í þessari vinnu. Má þar nefna opinbera viðurkenningu á starfsheiti okkar sem innri endurskoðendur. Þá er unnið að því að koma innri endurskoðun að sem faggrein í námi í viðskiptafræðum á háskólastigi í framhaldi af samstarfssamningu FIE og HR um námskeiðahald, sem undirritaður var í fyrra. Einnig er unnið að því að koma á virkum samskiptum félagsins við Fjármálaeftirlitið, meðal annars í því skyni að veita fræðslu á þessu sviði og koma að sjónarmiðum félagsins varðandi

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - ([www.theiia.org](http://www.theiia.org)) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

**Stjórn FIE:**

formaður:

Nanna Huld Aradóttir



varaformaður:

Anna Margrét Jóhannsdóttir



gjaldkeri:

Sif Einarisdóttir



ritari:

Páll Ólafsson



meðstjórnandi:

Albert Ólafsson



framkvæmd innri endurskoðunar hjá eftirlitsskyldum aðilum. Við höfum einnig hug á að koma efni um innri endurskoðun, innri endurskoðendur og um félagið okkar, FIE, betur á framfæri. Loks vonum við að stofnaðir verði í vetur sérstakir faghópar, sem efla munu faglega umræðu um innri endurskoðun innan tilekinnar starfsgreina.

Fræðslunefnd hefur spennandi áform um fræðslustarf vetrarins, sem ég vona að sem flestir taki þátt í.

Með góðum kveðjum;

F.h., stjórnar

Nanna Huld Aradóttir